

Hrafnseyri

Framvinduskýrsla 2024



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Atli Rúnarsson

NV nr. 02-25

Janúar 2025

Forsíðumynd: Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæði sumarið 2024.

EFNISYFIRLIT

Grunnupplýsingar	6
Tæknileg atriði	7
Útdráttur	7
Saga Hrafnseyri	7
Forsaga rannsóknar	11
Rannsókn 2011	11
Rannsókn sumarið 2012	13
Rannsókn í kirkjugarði 2012	17
Rannsókn 2013	22
Rannsókn 2014	24
Rannsókn 2015	25
Hrafnseyri -2015 Túlkun niðurstaðna	28
Rannsókn 2016	29
Rannsókn 2019	35
Rannsókn 2020	37
Rannsókn 2024	41
Fornleifarannsóknin á Hrafnseyri	41
Stjórnsýsla og fjármögnun	41
Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2024	41
Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi	41
Stærð og umfang uppgrftar	42
Túlkun	43
Lokaorð	45
Skrár	46
Contextar	46
Gripir	48
Ljósmyndaskrá	49

Sýnaskrá.....	53
Teikningar.....	55

Myndaskrá

MYND 2. GRÖF 1.....	20
MYND 3. GRÖF 2.....	21
MYND 1 MYND 2. LJÓSMYND AF SKURÐI B. TEKIN Í VESTUR,.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
MYND 2. AFSTÖÐUMYND SEM SÝNIR UPPGRAFTARSVÆÐI G OG HVAR KÖNNUNARHOLAN VAR TEKIN. SKJÁSKOT AF KORTASJÁ MINJASTOFNUNAR.....	30
MYND 3. EINS OG SÉST ÞÁ ER EINS NIÐURGRÖFTUR 3 M FRÁ SYÐRI KIRKJUGARÐSVEGGNUM (SJÁ MYND 1) SEM BENDIR TIL AÐ UM SAMA STRÚTKÚR SÉ AÐ RÆÐA	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
MYND 4. TORFVEGGUR [608] SEM HRUN ÚR KIRKJUGARÐSVEGG LIGGUR YFIR. RUSLALAG FYLLIR NIÐURGRÖFTINN OG GRJÓT LÍKLEGA HRUN ÚR VEGGNUM Á MÓTI FYLLIR NIÐURGRÖFTINN	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
MYND 5. NIÐURGRÖFTURINN EÐA RENNAN SEM LIGGUR MEÐFRAM KIRKJUGARÐSVEGGNUM	33
MYND 6. TÚNAKORT FRÁ 1913 ÞAR SEM UNDIRGANGUR ER TEIKNÆÐUR INN	34
MYND 38. STAÐSETNING BORKJARNA FRÁ ÁRINU 2019 OG PRUFUSKURÐIR FRÁ ÁRINU 2020.	37
MYND 39. HÉR SÉST MÚRSKEIÐIN BENDA Á SVART GÓLFLAG [703] Í SKURÐI A.....	38
MYND 40. TORFVEGGUR [804] Í SKURÐI B Á HRAFNSEYRI.	39
MYND 41. TEIKNING AF SKURÐI B Í TÚNINU Á HRAFNSEYRI.	40
MYND 42. KÖNNUNARSKURÐUR C ÞAR SEM GÓLFLAG VAR SJÁANLEGT.....	40

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 201907-0059

ÞJMS-númer: 2024-51

Stutt lýsing rannsókna: Rannsókn á svæði þar sem er talið að skáli frá landnámsöld eða miðöldum er staðsettur í túninu á Hrafnseyri. Svæði opnað út frá skurðum sem teknir voru árið 2020. Svæðið sem opnað var, er 10x10 m og kom í ljós inngangur í byggingu og hellulagt svæði sem er líklega utan við húsið.

Tegund rannsókna:

Vísindarannsókn

Staðsetning

Hrafnseyri, Arnarfirði, Vestur Ísafjarðarsýsla, Vestfjörðum.

GPS hnit A: 296269, N:591814

Rannsóknartími: Ágúst 2024

Leyfishafi

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna:

4 starfsmenn

3 nemendur



Tæknileg atriði

Útdráttur

Rannsókn á svæði þar sem er talið að skáli frá landnámsöld eða miðöldum er staðsettur í túninu á Hrafnseyri. Svæði opnað út frá skurðum sem teknir voru árið 2020. Svæðið sem opnað var, er 10x10 m og kom í ljós inngangur í byggingu og hellulagt svæði sem er líklega utan við húsið.

Saga Hrafnseyri

Jörðin Hrafnseyri er á norðurströnd Arnarfjarðar og er nokkurn veginn miðsvæðis í Auðkúluhreppi hinum forna. Í upphafi landnáms er staðurinn nefndur Eyri við Arnarfjörð og kemur mjög við fornar sögur landsmanna. Þegar kemur fram á 15. öld er farið að nefna Eyri eftir Hrafn Sveinbjarnarsyni, sem er talinn fyrstur lærðra lækna á Íslandi. Þjóðskörungurinn Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri 17. júní 1811 og þar ólst hann upp til 18 ára aldurs.

Í Landnámu segir svo:

"Örn hét maður ágætur. Hann var frændi Geirmundar heljarskinns. Hann fór af Rogalandi fyrir ofríki Haralds konungs. Hann nam land í Arnarfirði svo vítt sem hann vildi. Hann sat um veturinn á Tjaldanesi, því þar gekk eigi sól af um skammdegi. Án rauðfeldur, sonur Gríms Loðinkinna úr Hrafnistu og sonur Helgu, dóttur Ánar Bogsveigis, varð missáttur við Harald konung hinn hárfagra og fór því úr landi í vesturvíking. Hann herjaði á Írland og fékk þar Grelaðar, dóttur Bjartmars jarls. Þau fóru til Íslands og komu í Arnarfjörð vetri síðar en Örn. Án var hinn fyrsta vetur í Dufansdal. Þar þótti Grelöðu illa ilmað úr jörðu. Örn spurði til Hámundar heljarskinns, frænda síns norður í Eyjafirði og fýstist hann þangað. Seldi hann því Áni rauðfeldi lönd öll milli Langaness og Stapa. Án gerði bú að Eyri. Þar þótti Grelöðu hunangsilmur úr grasi¹." Sigurð Vigfússon fornfræðingur fór í könnunarferð um Vestfirði árin 1882 og 1888. Kom hann við á Hrafnseyri í bæði skiptin og svipaðist um eftir fornleifum og sögustöðum. Sigurður fann tóftarleifar, um 11m

¹ Landnámabók (1968) Jakob Benediktsson gaf út. *Íslensk fornrit*, . Rv. I, s. 177; Jón Jóhannesson (1941) *Gerðir Landnámabókar*, Rv., s. 28-29.

breiðar, austan við bæinn á Hrafnseyri og taldi að þar væru fundnar leifar af skála Hrafn Sveinbjarnarsonar.²

Sigurður Vigfússon greinir svo frá í heimsókn sinni á Hrafnseyri árið 1882 "Eyrir sunnan bæinn stendr kirkjan; nokkru sunnar og austar í túninu er gömul kirkjutótt; þetta mun vera kirkja sú, er var á Eyri í tíð Hrafn. Ausur frá bænum er kallaðr Hrafnsskáli; þar sést þó ekkert fyrir tótt nú, enn síðar hefir verið byggður þar einhver kumbaldi, sem líkist nú kringlóttu tóttarbroti³. Sturl. segir um bœ Hrafn á Eyri „mörgum mönnum veitti Hrafn smíðar sínar, ok aldrei mat hann þær fjár. Bœ sinn á Eyri byggði hann vel, ok gerði þar mörg hús ok stór, ok marga aðra bæjarbót, þá er mikil merki má á sjá"⁴. Vera má að skálinn hafi staðið þar sem bærinn nú stendur; enn með því hann hafi staðið hér, sem ekki er ólíklegt, því það er nær upp undan gömlu kirkjunni"⁵. Sigurður er aftur á ferð sex árum síðar og þá segir hann svo frá „tóftir, þó fyrir austan bæinn á Hrafnseyri sjást leifar af fornri tóft, og er það endinn á henni, er stendur út undan kálgarðshorni. Hún er mjög niðarsokkin og vallgróin, um 6 faðma á breidd. Nyrðri hliðveggur hverfur undir kálgarðinn, enn fyrir hinum sést votta 8—9 faðma heim á hlaðið. Einkanlega er efra hornið nokkuð greinilegt. Steinar 2 sjást í hinu horninu. Þetta er fornlegt mjög og útflatt og komið í þúfur. Sjáanlega munu þetta vera leifar af skála Hrafn Sveinbjarnarsonar, sem mælt er, að hafi staðið hér. Þetta sá ég betur nú enn í fyrra sinn, er ég kom á Eyri, því að þá stóð smíðjukofi í áðurnefndum kálgarði og veggjarúst þar fyrir utan, sem nú er allt búið að rífa á burt. Breidd þessarar tóftar hefir verið um 36 fet, og er það hæfileg skála breidd⁶. Það sem er athyglisverðast fyrir fornleifafræðing er að lýsingar Sigurðar eru frá tíma þegar torfbærinn sem síðast stóð á Hrafnseyri stendur enn. Umhverfið sem hann lýsir er því annað en það er í dag. Auðvitað verður að taka það til greina að Sigurður og samtíðarmenn hans sáu oft það sem þeir þurftu til að staðfesta frásagnir í

² Sigurður Vigfússon (1883) "Rannsókn um Vestfirði...", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1883*, s. 1-70;-

³ Sigurður Vigfússon (1883) "Rannsókn um Vestfirði...", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1883*, s. 1-70;-

⁴ VI. þ. 4. k. bl. 280:

⁵ Biskupas. bl. 645.

⁶ Sigurður Vigfússon (1883) "Rannsókn um Vestfirði...", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1883*, s. 1-70;-

Íslendingasögum og eru frásagnir þeirra litaðar af því. En því má heldur ekki gleyma að þeir þekktu rústir.

Fyrsta sem er athyglisvert í frásögn hans er örnefnið Hrafnsskáli sem á að hafa verið í austur frá þáverandi bæ. Vitað er að örnefni lifa lengi og benda oft á staðsetningu minja. Þetta örnefni virðist þekkt árið 1882 en er týnt þegar Böðvar Bjarnason gerir örnefnalýsingu í bók sinni um Hrafnseyri.

Garðlagið breiða sem fannst við Bælisbrekku er athyglisvert þar sem það er mjög breitt, mun breiðara en þörf er á til að halda búfé. Spurningar vakna því óneitanlega um þörf þess að hafa garð 2 m breiðan í grunn ef aðeins er um venjulegan túngarð að ræða. Ef garðurinn hefur verið hluti af virkisvegg er stærð hans mun rökréttari því hár veggur þarf breiðari grunn.

Flestir fornir túngarðar vera breiðir með tímanum sérstaklega þeir sem innihalda miklið torf en það má skýra með hruni efna sem garðinn mynda. Þessi sem rannsakaður var á Hrafnseyri er breiður að upplagi. Sigurður Vigfússon segir í rannsókn sinni árið 1882

„Hrafn hafði gert virki mikit ok gótt ór grjóti um bæ sinn“. Eins stendr í Bisks. bl. 667. Sama er að segja með þetta, að ekkert sést nú fyrir virkinu; það er auðvitað, að alt slíkt grjót hefir verið borið burtu síðar, þegar ekki þurfti lengr á virki að halda, enn þau urðu vanalega að litlu gagni. Það var ekki hentugt að hafa þær háu grjóthleðslur fyrir framan bæinn; grjótið hefir verið notað til húsa, eða þá til girðinga, sem þar eru fyrir vestan bæinn; því er ekki von að leifar sjáist af þessu virki. Ýmsar eru hér munnmælasögur, sem eg hirði eigi að nefna, því þær sanna ekkert verulegt“

Líklegt er að heimildir í Sturlungu um virki Hrafnss eigi við rök að styðjast enda sagan samtímaheimild en ekki verður með fullu hægt að túlka umrætt garðlag sem hluta af virki Hrafnss nema frekari rannsóknir fari fram og fleiri hús finnist innan garðsins. Hinsvegar er ljóst að hleðslan er garðlag enn ekki hluti af byggingu.

Hitt er rétt sem Sigurður bendir svo réttilega á að, líklegt er að grjót það er myndaði hið mikla virki Hrafnss hefur án efa verið notað í byggingar á jörðinni. Hinir miklu túngarðar sem getur um í síðari tíma heimildum gætu verið svona miklir af því mikið magn af grjóti var til staðar á jörðinni. Má einnig benda á kirkjugarðsveggina í kring um kirkju rústina.

Sá kirkjugarður er byggður úr miklu og stóru grjóti sem sést vel í fjarkönnunarrannsóknunum sem gerðar voru árið 2014. Garðurinn sem er óvenjulegur vegna þess að hann er ferhyrndur og er enn mjög hár og voldugur. Það er því áhugavert að velta því fyrir sér hvort garðurinn sem fannst sé í raun grunnur af virkisvegg Hrafn Sveinbjarnarsonar og að aðeins sé eftir undirstöður og annað grjót úr garðinum hafi verið nýtt í aðrar byggingar á svæðinu og hugsanlega í kirkjugarðinn. Hrafnseyri er því jörð sem stöðugt kastar fram nýjum og spennandi rannsóknarspurningum sem reynt verður að svara á næstu árum.

Samkvæmt munnmælum voru undirgöng frá Hrafnsskála og niður að sjávarbökkum. Sigurður skoðaði lægð sem liggur frá bænum og niður að sjó, um 130m leið, en taldi hana náttúrumyndun, og hafa myndast af gamalli vatnsrás undir túninu. Lægðin er engu að síður kölluð Undirgangur og að sögn Ásgeirs Jónssonar sem lengi bjó á Hrafnseyri á ofanverðri 19. öld mátti sjá hleðslur í opi þeirra við sjávarkambinn.⁷ Neðan við bæinn fann Sigurður naust, “ákaflega mikið og fornlegt”, hið stærsta sem hann hafði séð, eða yfir 30m langt.⁸

Búið hefur verið á Hrafnseyri lengst af og aðeins nokkrir áratugir síðan hætt var að búa á jörðinni. Hrafnseyri hefur lengst af verið prestsetur og er frægð staðarins þó helst bundin við Hrafn Sveinbjarnarson og Jón Sigurðsson forseta sem ólst upp á Hrafnseyri þar sem faðir hans þjónaði sem prestur.

Í jarðabók Árna og Páls Vídalíns eru skráðar fimm hjáleigur og flestar í heimatúninu. Þær eru Rani, Bæli, Efri Hús, Neðri Hús og Sifjarhús⁹

Í jarðatali Johnsen frá 1847 er Hrafnseyri nefnd Rafnseyri og er skráð 60 hundraða jörð en engar hjáleigur sem nefndar voru hjá Árna og Páli eru í byggð árið 1847. Eina hjáleigan sem er í byggð er Rafnseyrarhús.¹⁰

⁷ Böðvar Bjarnason (1960), s. 16.

⁸ Sigurður Vigfússon (1883) “Rannsókn um Vestfirði...”, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1883*, s. 1-70;-

⁹ Páll Vídalín og Árni Magnússon (1981) *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín Ísafjarðar og Strandasýsla* . s.15-18

¹⁰ J. Jonsen (1847) *Jarðatal á Íslandi* s.191

Forsaga rannsókna

Rannsókn 2011


Rannsóknin hófst árið 2011 með gerð könnunarskurða á Hrafnseyri sem leiddu í ljós að mannvistarleifar var að finna í túninu austan við rústir miðaldakirkjugarðs á Hrafnseyri. Markmið fyrsta hluta rannsóknarinnar var að finna hvar miðaldabyggðin á Hrafnseyri var. Gerðir voru fjórir könnunarskurðir í ágúst 2011. Tveir skurðir voru gerðir 12 m austan við gamla kirkjugarðinn og 3 skurðir voru gerðir ofar í túninu neðan við svokallaða Bælisbrekku austan við síðasta bæjarstæðið. Árið 2012 var skurður D stækkaður um einn metra og svæðið við skurð B stækkað til um 5 metra til austurs og 5 metra til suðurs.

Ákveðið var að taka tvo fyrstu skurðina í örlitla upphækkun í túninu rétt austan við gamla kirkjugarðinn.

4.7 Skurður C

Skurðurinn var gerður um 10m austur frá sólpalli við bustabæjinn á Hrafnseyri, ekki langt frá þeim stað sem síðasti torfbær á Hrafnseyri stóð. Skurðurinn var 1x2 metrar á stærð

[301] Efsta jarðlag. Dökkt rauðleitt siltsandlag, nokkuð þétt. Kolaleifar, algengar smá- og miðlungsstórar hornréttar og rúnaðir steinar, vel raðaðir. Steinar sem eru hluti af innskotum.[302] Dökkt, svartbrúnt sandleðja, nokkuð þétt. Ríkt af kolum. Nokkuð umfangsmikið, engar vísbendingar um bruna á staðnum. Mögulega úrgangur.[303] Dökkt, grábrúnt sandleðja, nokkuð þétt. Líkist [302], en minna af kolum. Hugsanlegt þak í SV. Mögulega úrgangur frá losun.[304] Dökkt, grárauðleitt, gulleitt, brúnt sandleðja, nokkuð þétt. Kolaleifar. Mikið magn af móösku. Stundum beinbrot (skemmd, ekki sýni tekin). Nokkuð dæmigert eldhúsúrgangslag.[305] Millirauðbrúnt sandleðja, þétt þjappað. Mikil jarðþekja. Stórir rúnaðir steinar, vel raðaðir, tengdir laginu (neðst í gröfinni), hugsanlega tengt 19. aldar bæjarhúsum. Mjög blandað efni.[306] Dökkt, svartauðleitt siltað torflag, þétt lagskipt efni. Mögulega byggingarlegt. Nokkuð óviss niðurstaða þar sem aðeins brún laganna var sýnileg í sneiðingu. Frekari rannsóknir nauðsynlegar.[307] Millirauðgrátt torflag, þétt þjappað. Nokkuð hreint efni. Frekar þunnt lag. Hugsanlega tengt byggingu(r) norðan [305]. Sambærileg lög fundust annars staðar og tengdust smiðjum.[308] Millirauðbrúnt sandleðja, þétt. Ófrjósamt lag, líklega náttúrulega safnað.[309] Náttúrulegt jarðlag.



Skurður C var gerður ekki langt frá þeim stað sem síðasti torfbærinn stóð á Hrafnseyri eða austan við þann stað. Ljóst er að mikið af mannvistarleifum var í þessum skurði og greinileg merki um byggingar á þessu svæði eins og við var að búast. Hugsanlega sáust leyfar smiðju í skurðinum en ljóst er að byggingar voru á þessu svæði. Mestar líkur eru á það þetta séu merki um yngri byggingarskeið á Hrafnseyri.



4.10 Skurður D

Þegar svæðið var kannað fyrir rannsóknina tóku fornleifafræðingar eftir því að á túninu sem var nýslegið mátti sá gula bletti þar sem gras hafði greinilega ekki náð í vatn. Við nánari athugun kom í ljós að þessir ljósu blettir mynduðu langa línu eða um 30m og náði hún inn í yngri kirkjugarð. Ljóst var að rétt undir grassverði voru stórir steinar og skýrði það hvers

vegna gras náði ekki að lifa ofan á steinunum í þessum þurrkum. Opnaður var skurður hjá einum af þessu gulu blettum í grasinu.

4.11 Einingaskrá

[401] Grasrót

[402] Yfirborðslag, brúnleitt, nokkuð sendið, með möl, vindborin kol og beinaleifar.

[403] Hleðsla mjög stórir steinar.

[404] Torf mjög skýr torfveggur, brúnt, appelsínugult, og gráleitt, mjög þétt torf.

4.12 Niðurstöður úr skurði D

Greinilegt er að það sem sást á yfirborði er mjög völdugur veggur en hvort um er að ræða stóra byggingu eða túngarð er ekki auðvelt að segja og verður að gera frekari rannsóknir. En skýrt er í þessum skurði að þarna hefur verið veggur úr torfi og grjóti með stórum steinum.



Mynd 1. Völdugur veggur sem mögulega er virkisveggur

Rannsókn sumarið 2012

Árið 2012 hófst uppgröftur og var þá staðfest að mannvistarlög sem komu í ljós við könnunarrannsókn árið 2011 voru frá landnámsöld. Á Hrafnseyri fannst jarðhýsi frá 10.

öld ásamt eldstæðum og holum sem að öllum líkindum eru eldunarholur.



Mynd 2. Unnið við hreinsun yfirborðslaga 2012

Garðlagið við Bælisbrekku Um tveggja vikna skeið frá 7-18 ágúst 2012 fór fram fornleifarannsókn á Hrafnseyri. Ákveðið var að stækka svæðið þar sem könnunarskurðir sumarið áður höfðu leitt í ljós minjar. Skurður **D** var stækkaður um 1. metra. Við stækkun skurðarins kom í ljós að garðlagið var 2 metrar á breidd með stóru grjóti sem grunnsteinar og torf á milli. Ekki er ljóst hver tilgangur þessa mikla garðlags er. Garðurinn gæti verið hluti af miklu virki eða varnargirðingu, sem byggð var til að verja bæinn. Hrafn Sveinbjarnarson höfðingi á Hrafnseyri er sagður hafa reist virki úr grjóti um bæ sinn. Segir svo frá í Hrafnssögu Sveinbjarnarsonar sem er að finna í Sturlungu en það er samtímaheimild sem rituð er skömmu eftir átök Sturlungaaldar og er talið trúverðug lýsing. Garðlagið virðist liggja til austurs eina 30-50 metra og til vesturs inn í núverandi kirkjugarð.

Svæði var þar sem skurður **B** hafði verið opnaður árið 2011 áður var stækkað 4 metra til norðurs og 7 metra til suðurs. Svæðið var 6 metrar á breidd. Kolsvart lag var yfir nær öllu svæðinu. Við rannsóknina komu í ljós tvö niðurgrafin eldstæði að öllum líkindum svokallaðir seiðir. Annar var dýpri eða um $\frac{1}{2}$ metri að dýpt í honum voru eldsprungnir steinar og

beinaleifar. Ekki fundust nein merki um járnvinnslu í þessum niðurgrefttri svo líklegt er að um sé að ræða eldunarholu. Hin holan var mun grynri en hún hafði komið fram í könnunarskurði árið 2011. Við rannsóknina kom í ljós veggur sem virðist hafa verið gerður til að mynda skjól við eldunarholurnar .

Í norð vestur horni svæðisins var lag sem virtist ekki í neinu samræmi við svæðið í kring og leit út fyrir að vera hola sem fyllt hafði verið að grjóti. Þegar grófur jökulruðningur hafði verið fjarlægður kom í ljós gólflag og leifar af torfveggjum sem höfðu að mestu eyðilagst þegar jökulruðningurinn hafið verið settur yfir rústina. Sterkar líkur eru á að um sé að ræða jarðhýsi þar sem húsið er töluvert niðurgrafið eða um 1,20 metra miðað við þáverandi yfirborð en 1.5 metra miðað við núverandi yfirborð . Í grein Guðmundar Ólafssonar um jarðhýsi segir

„ Jarðhús hafa fundist um alla Norður Evrópu. Þau virðast einkum hafa verið í notkun frá því snemma járnöld og fram á miðaldir. Þau hafa þó verið þekkt miklu lengur, eða allt frá steinöld fram til 19. aldar. Gefur þessi langvinna notkun nokkra vísbendingu um notagildi þeirra. Þau voru algeng Norðurlöndum á víkingaöld, einkum á verslunarstöðum eins og t.d. í Ríbe og Heiðabæ. Þau hafa borist með landnámsmönnum til Íslands og virðast einkum hafa verið í notkun á fyrstu tveimur öldum Íslandsbyggðar [...] Jarðhús hafa fundist á allvíða hér á landi. Öll virðast þau vera frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Þó að heimildir séu um að fundist hafi niðurgrafin mannvirki við fornleifarannsóknir allt frá 1897 gerðu menn sér lengi vel ekki grein fyrir því að um hús væri að ræða. Þór Magnússon varð fyrstur til að uppgötva tilveru þeirra þegar hann gróf í Hvítárholti á árunum 1963 - 1967 og fann leifar fjögurra jarðhúsa.

Tvö hús til viðbótar komu í ljós við rannsókn á Grelutóftum á Hrafnseyri við Arnarfjörð árin 1977 og 19786.

Eins og áður segir var jarðhýsið niðurgrafið og hafði verið fyllt af stórgrýti og mjög grófri möl. Slitróttar leifar torfveggja fundust en engir steinar í grunni. Greinilegt er að mölin hafði



Mynd 3. Gólf og veggur jarðhýsinins sem kom í ljós 2012

vísvitandi verið notuð til að fylla upp í jarðhýsið. Þrír veggir hússins voru grafnir fram en annar gaflinn sem snýr til vesturs er en ógraffinn. Gólfslag var farið að verða svartara þegar nær dró hinum ógrafna vegg og því ekki ólíklegt að eldstæði finnst þegar svæðið verður stækkað árið 2013. Gólfið var malarkennt.


Fornleifarannsóknin "Arnarfjörður á miðöldum" sýnir að Hrafnseyri var byggð snemma á miðöldum, með mikla kolavinnslu og byggingarstarfsemi. Jarðhýsið og garðlagið benda til vel skipulagðrar byggðar og varnaraðgerða, sem voru ómissandi hluti af lífinu á miðöldum.

Rannsókn í kirkjugarði 2012

Fornleifarannsókn fór fram á fornum kirkjugarði í Hrafnseyrartúni dagana 3.-4. júlí 2012. Tilgangur rannsóknarinnar var að staðfesta að um kirkjugarð væri að ræða og, ef varðveisla beina leyfði, skoða legu beinagrindar, aldur og kyn auk þess sem taka átti sýni til frekari aldursgreiningar.

Kirkjugarðurinn liggur í túni suðaustan íbúðarhúss og kapellu og um 17m neðan og sunnan núverandi kirkjugarðs og kirkju. Garðurinn var vel greinanlegur í landslaginu. Hann liggur vestnorðvestur-austsuðaustur og er ferkantaður, 27m langur frá vestri til austurs, 20m breiður í vesturenda og 18m breiður í austurenda. Garðveggurinn er enn nokkuð stæðilegur, um 50- 70cm á hæð og allt að 2ja metra breiður. Veggurinn virðist hafa verið hlaðinn úr stóru grjóti en er nú hruninn. Grjótið sést enn vel í hruninni hleðslunni. Vestasti hluti garðsins liggur í dálftilli brekku í túninu og hallar til vesturs niður að dæld sem er talin vera jarðgöng þau sem getið er í Hrafn sögu. Yfirborð vesturhluta garðsins er ójafnara og kann jarðvegi að hafa verið bætt í garðinn þar en þó verður það ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Innan garðs er stæðileg kirkjutóft. Hún virðist einnig hafa verið hlaðin að hluta úr grjóti en þil hefur verið á vesturstafni. Miðskip kirkjunnar hefur verið um 6m á lengd og um 5m á breidd. Út úr austur stafni hefur verið smærri kór, um 2x2m að stærð. Kórinn er nokkuð upphækkaður sem kann að stafa af hrúni grjótveggja inn í tóftina. Tóftin snýr rétt við áttum á meðan að kirkjugarðurinn snýr eilítið meira til norðvesturs-suðausturs.



Undan kórnum lágu leifar einfaldrar steinhleðslu, um 5m að lengd. Hleðslan lá vestnorðvestur-austsuðaustur um metra austan við og undir kór yngri kirkjunnar og er þar líklega eldra skeið kirkjunnar. Sá veggur virðist hafa snúið eins og kirkjugarðurinn. Sé um að ræða austur kórvegg, hefur eldri kirkjan annað hvort verið stærri eða kórinn jafnbreiður miðskipi kirkjunnar.

Tveir skurðir voru teknir innan kirkjugarðsins, skurður 1 var tekinn rétt innan við suðurhlið kirkjugarðsveggjarins en skurður 2 var tekinn rétt norðaustan við það sem metið var eldra skeið kirkjunnar. Rétt undir grasrót, á 20cm dýpi, var komið niður á útlínur niðurgrftar og virtist þar geta verið um tvær grafir að ræða. Vesturendi þeirra kom fram innan skurðar og virtust grafirnar samsíða þar sem ekkert haft var á milli þeirra en við höfuðenda grafanna var sem um tvo bogadregna niðurgrefti væri að ræða. Grafirnar hafa verið teknar í gegn um 15-20cm þykkt lag af rauðleitu torfi sem lagt hefur verið í garðinn en slík lög finnast víða í elstu kirkjugörðum. Á yfirborði komu

graffyllingarnar fram sem gróf mól og sandur blandað mold og torfleifum en efnið sem grafirnar voru teknar ofan í var rauðleitt, nánast steinalaust, mýrartorf.

Gröf 1:

Ákveðið var að grafa niður að beinum í höfuðenda nyrðri grafarinnar til að ákvarða nánar um varðveislu þeirra og hvort frekari stækkun grafarinnar væri fýsileg. Fljótlega varð ljóst að þótt tvær grafir virtust sýnilegar á yfirborði var syðri gröfin ekki tekin niður fyrir yfirborðs torflagið en þar var jarðvegurinn mjög þéttur skriðujarðvegur með grjóti af ýmsum stærðum, sandi og mold. Fyllingin í gröfinni sem mokað var upp úr var hinsvegar lausari í sér, en þó nokkuð groddaleg, með mól og stærri steinum í bland við sand, mold og leifar yfirborðstorflagsins. Í torflaginu komu fram nokkuð stórir flekkir af svartri, mjög fínni gjósku, sem komu einnig fram í torfflekkjum í graffyllingunni. Á 50cm dýpi frá yfirborði grafar var komið niður á botn hennar og augljóst var að varðveisla beina var mjög slæm. Einungis var eftir illa farinn neðri hluti höfuðkúpu, eyrnabein og hnakkabein, auk illa farins neðri kjálka með tönnum og broti úr hryggjarliði. Beinir virðast hafa varðveist vegna þess að þau hafa að hluta legið undir stórum steinum sem stóðu út úr grafarveggnum en menn ekki lagt í að moka upp úr gröfinni. Öll önnur bein í gröfinni voru svo illa farin og smjörkennd að ekki var hægt að greina lögun þeirra eða legu en leifar þeirra voru þó greinilega til staðar. Heillegustu beinin, eyrnabein og hluti neðri kjálka voru teknir til AMS aldursgreiningar. Vinstra megin í gröfinni komu í ljós tannkrónur barns eða unglings en engin merki voru um höfuðkúpu eða önnur bein. Þær tannkrónur sem hægt var að taka upp voru fjarlægðar til frekari aldursgreiningar. Sökum þess hver jarðvegur og graffylling voru grófgerð og einsleit var var hægt að ákvarða hvort gröf 1 hefur verið tekin ofan í eldri gröf eða hvort komið hefur verið niður á hluta annarrar grafar.

Í botni grafarinnar, á um 50cm dýpi var komið niður á mjög þétt og illgræft malarlag. Skurðurinn var tekinn um 1,5m norðaustur af norðausturhorni hleðslunnar sem gæti verið af eldri kirkju. Skurðurinn lá nálega norður-suður og var 1,6m langur og 1m breiður. Þegar útlínur grafar komu í ljós var hann stækkaður um 20cm til vesturs til að höfuðendi

grafar	kæmi	að	fullu	inn	í	skurðinn
--------	------	----	-------	-----	---	----------



Mynd 4. Gröf 1.

Gröf 2:

Líkt og í skurði 1 var þegar komið niður á yfirborð tveggja grafa undir grasrót. Þar voru einnig ummerki um sama yfirborðstorflagið og í skurði 1. Grafirnar voru samsíða og var sú nyrðri opnuð.

Útlínur grafarinnar voru fyrir miðjum skurði og þegar yfirborð hennar var hreinsað frekar varð ljóst að um var að ræða barnsgröf, um 90cm langa og rétt um 40cm breiða. Grafarfylling var sama og í gröf 1, gróf mól með stærri steinum blönduð sandi, mold og flekkjum af yfirborðstorfinu. Á 60cm dýpi kom fram sama þétta malarlagið og kom fram í botni grafar 1. Ekki hefur verið grafið niður í það. Engin ummerki beina eða annarra lífrænna leifa fundust í gröfinni. Annað hvort voru bein eða of tennur of morkin til að verða greind eða að líkið hefur verið fjarlægt úr gröfinni. Miðað við varðveislu beina í gröf 1 er ekki óvarlegt að álykta að beinin séu horfin. Niðurstöður C14 greiningar gefa til

kynna að garðurinn hafi verið í notkun á fyrrihluta 11. aldar. [sjá fylgiskjal]



Mynd 5. Gröf 2.

Alls voru grafnir tveir grunnir skurðir í kirkjugarðinn. Tvær grafir voru opnaðar til að ákvarða varðveislu beina og mögulegan aldur garðs. Fyrir utan þunnt yfirborðstorflag voru grafirnar teknar niður í grýttan skriðugarðveg niður að mjög þéttu malarlagi sem ekki virðist hafa verið grafið í gegn um. Fyllingin í báðum grafanna var mjög gróf með miklu af stærri steinum og hafa bein varðveist þar ákaflega illa. Engin merki fundust um líkkistur.

Í syðri hlið grafar 1 fundust krónur barnatanna í svipaðri hæð og beinaleifarnar í gröf 1 en óvíst er hvort að grafið hefur verið ofan í barnsgröf, hvort að barnsgröfin hefur legið til hliðar við hina gröfina eða barnið lagt í gröfina með fullorðna einstaklingnum.

Sýni voru tekin úr þeim beinum sem fundust og voru þau send til AMS greiningar og voru aldursgreind til fyrrihluta 11 aldar. Einnig verður gjóska sem fannst í torfinu, sem grafirnar voru teknar í, greind. Þar sem varðveisla beina var mjög slæm var ekki hægt að meta aldur út frá grafarumbúnaði og engin sýnileg gjóskulög voru yfir garðinum.

Sökum þess hve þéttur og illgræfur jarðvegur virðist innan garðsins er ólíklegt að þar sé um mörg lög af gröfum að ræða. Það kann að benda til hás aldurs garðsins, hafi hann staðið frá upphafi á sama stað. Þó kann jarðvegur að vera eitthvað þykkari í vestari enda garðs. Ljóst er af rannsókninni að uppgröftur mannabeina hefur lítið upp á sig. Frekari rannsóknir myndu þá miðast að fjölda og gerð kirkna, kirkjugarðsveggjar og með yfirborðshreinsun garðsins mætti meta hversu margar grafir er að finna í honum.

Rannsókn 2013

Árið 2013 bárust niðurstöður úr C14 greiningu á mannabeinasýni úr gamla kirkjugarðinum sem tekið var árið 2012. Greiningin sýndi að líkur eru á að einstaklingurinn hafi látist á fyrri hluta 11. aldar. Sjálfaáhrif, vegna neyslu á sjávarafurðum, setja niðurstöðuna á árabilið 1000 til 1220. Þetta bendir til þess að gamli kirkjugarðurinn sé frá frumkristni. Líklegt er að byggð hafi hafist á Hrafnseyri fyrir árið 1000, þegar kristni var lögtekin í landinu. Síðar um sumarið 2012 fundust minjar sem styðja frekar þessa niðurstöðu.

Sumarið 2013 var rannsakað á Hrafnseyri og Auðkúlu. Rannsóknin hlaut styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins, sem fól í sér að nemendur við breska háskóla fengu styrki fyrir ferðir og uppihald til ýmissa staða í Evrópu, þar sem þeir fengu tækifæri til að starfa við fornleifarannsóknir og öðlast þjálfun í vettvangsvinnu. Árið 2013 komu átta nemendur og unnu við rannsóknir á Hrafnseyri og Auðkúlu í fjórar vikur. Auk þessara nemenda störfuðu við rannsóknina Rúna Þráinsdóttir fornleifafræðingur og Scott Riddel fornleifafræðinemi við Háskóla Íslands.

Uppgröftur Jarðhýsis

Sumarið 2013 var uppgriftarsvæðið stækkað með það markmið að grafa jarðhýsið, sem fannst árið 2012, fram að fullu. Jarðhýsið er 9 metrar á lengd og telst því til stærri gerða jarðhýsa. Það var mjög sérstakt vegna þess að því hafði verið lokað mjög fljótlega eftir að notkun þess lauk. Jarðhýsið á Hrafnseyri hafði verið fyllt með grófu grjóti, þar sem minnstu steinarnir voru á stærð við hnefa, og voru sumir mjög stórir. Þessi steinar voru lagðir beint á gólfið og höfðu greinilega verið settir í rústina strax eftir að notkun lauk. Engin merki fundust um að þakið hefði fallið niður, og litríkt torf var á milli steinanna sem

og leifar af veggjum sem höfðu fallið inn. Veggir hússins voru hlaðnir úr litríku mýrartorfi, en veggirnir höfðu verið reistir inn í holuna sem grafin hafði verið, án grjóthleðslu í

undirstöður. Torflag var síðan lagt ofan á rústina. Mjög líklegt er að í þessum skurði hafi komið fram hús, bæði veggur, torf og gólflag benda til þess.





Mynd 6, Unnið að uppgrefti á jarðhýsinu 2013

Rannsóknir ársins 2013 leiddu í ljós að byggð hófst á Hrafnseyri á landnámsöld, líklega á 10. öld. Jarðhýsið sem grafið var upp er í stærra lagi og mikið niðurgrafið, og líklega frá landnámsöld. Skaft úr klébergspotti sem fannst í Jarðhýsinu bendir einnig til 10. aldar. Kolavinnsla hafði verið á svæðinu áður en jarðhýsið var reist, og frekari aldursgreiningar á kolum úr kolagrafarholunni munu varpa ljósi á tímann sem þetta gerðist. Eldstæðið sem fannst nálægt húsinu var líklega notað til að hita steina. Garðlagið sem fannst í Bælisbrekku var rannsakað frekar til að útiloka að það væri hluti af byggingu. Það er líklegt að garðurinn hafi verið hluti af virkisvegg Hrafn, en frekari rannsóknir eru nauðsynlegar til að staðfesta þetta.

Rannsókn 2014

Árið 2014 fóru fram fjarkönnunarrannsóknir á Hrafnseyri. Hópur breskra fornleifafræðinga kom með jarðsegulmæla og viðnámsmæla til rannsókna á túninu á Hrafnseyri. Niðurstöður sýndu breytingar í jarðvegi sem bentu til fornleifa undir sverði sem rannsakaðar voru árið 2015.






Rannsókn 2015

Uppgreftir á Hrafnseyri og Auðkúlu hófust 29. júní og stóðu yfir til 27. júlí. Rannsóknin hófst á Hrafnseyri. Tilgangur rannsókna í ár var að kanna svæði þar sem fjarkönnun árið 2014 hafði leitt í ljós frávík á ákveðnu svæði. Svæðin sem rannsökuð voru eru tvö. Annað svæðið er staðsett austur af núverandi kirkjugarði en hitt á milli gamla kirkjugarðsins og hins nýja. Svæðin fengu bókstafina H og G.

Svæði H var 3 x 4 m að stærð. Þar komu í ljós tvær kolagrafir. Önnur kolagröfin var nær öll innan uppgrافتarsvæðis og var staðsett í norð-vestur horni. Líklegt er að útjaðar á annarri kolagröf sé í suð-austur horni svæðisins. Þegar torf hafði verið stungið af svæðinu kom í ljós yfirborðslag **[301]** sem var að mestu rætur grassins sem stungið hafði verið af og var mjög ormétið með kolasmiti/koladreif. Næsta lag **[302]** var kolsvart kolalag sem lá yfir öllu svæðinu. Lagið benti til að þarna hefði farið fram kola eða járnvinnsla nálægt

en samskonar lag var undir grasrót á öllum svæðum sem hafa verið rannsökuð á Hrafnseyri. Fljótlega kom í ljós skurður (cut) [303] sem reyndist vera hringlaga kolagröf með ávala kanta og 180 sentimetrar í þvermál, 70 cm þar sem hún var dýpst í miðju. Fylling grafarinnar var eftirfarandi: Efst var torflag [305] og undir því var grjótfylling [306] sem notuð hafði verið til að fylla gröfina. Grjótið var allt frá því að vera hnefastórt upp í 50x30 cm grjót. Undir grjótinu var kolalag [306], kolasalli sem hefur orðið eftir í gröfinni og því næst torflag [307] og undir því annað kolalag [309]. Til hliðanna var lag [308] sem var rauðleitt, hart og mjög malarkennt líklega er um að ræða mold sem hefur umbreytt við hitann í kolagröfinni. Neðst var svo óhreyft malarlag [309].



Svo viðist sem kolagröfin hafi verið notuð a.m.k tvisvar sinnum. Eftir fyrstu notkun hefur verið sett torf í botninn og gert til kola aftur. Mikið af smáum kolum fundust í kolagröfinni ólíkt kolagröfinni sem grafin var árið 2013 en þá var mikið magn af stórum kolum í botni þeirrar kolagrafar. Allt í kring um kolagröfina var svart lag [302] sem myndast hefur á yfirborði við hlið grafarinnar þar sem kolagerðamenn hafa verið að athafna sig. Eftir að kolagerðinni lauk hefur kolagröfin verið fyllt með grjóti [312] og innan um grjótið var járngjall sem gæti bent til þess að járnvinnsla hafi líka farið fram á Hrafnseyri. Efst var svo lagt þykkt torflag [306] sem skar sig frá svarta laginu [302] allt umhverfis kolagröfina.

Tekinn var skurður út frá suð-vestur horni svæðis H og var hann 6 m á lengd og 1 m á breidd. Ekki komu í ljós nein merki um mannvist í þeim skurði önnur en vindbornar kolaagnir frá svæði H. Í suð-austur horni svæðis H er svo líklega önnur kolagröf **[311]** en aðeins lítill hluti hennar kom í ljós og ekki vannst tími til að stækka svæðið lengra út að þessu sinni. Sú kolagröf bíður því frekari rannsókna síðar. Svæði G

Könnunarskurður var tekinn í rúst sem hafði sýnt mikla járnsvörun við fjarkönnunarrannsókn árið 2014. Skurðurinn var 1 m á breidd og 4 m á lengd. Fljótlega kom í ljós að ekki var um að ræða rúst heldur gamla þró sem fyllt hefur verið af rusli, gömlu veggjaefni úr húsi sem á hafði verið steinsteypt hænsnanet. Við frekari athugun hjá bóndanum á næsta bæ kom í ljós að þarna hafði verið þró áður. Járnsvörun sem mælitækin höfðu mælt voru því járnrusl frá því um miðja 20. öld. Skurðinum var lokað. Ákveðið var að gera annan skurð þar nærri þar sem viðnámmælir hafði einnig greint frávik. Var opnaður skurður sem var 1 m á breidd og 3.5 m á lengd og var í austur vestur.

Efsta lagið undir grassverði **[601]** var þunnt yfirborðslag, aðallega grasrætur. Þar fyrir neðan var lag sem innihélt mikið af kola og beinarusli **[602]** og yfir miðjum skurðinum var mikið af torflinsum í laginu. Þetta ruslslag er gamalt því ekki var neitt um gripi í því eins og finnst í yngri ruslalögum á svæðinu. Undir þessu lagi var annað lag **[603]** sem var líka ruslslag en var grófara og meira malarkenndara. Í þessu lagi var meira af óbrenndum beinum og var þetta lag áberandi í báðum endum skuðsins og var til hliðar við vegg sem kom í ljós í skurðinum. Veggurinn **[604]** var úr torfi og var fyrir miðjum skurði. Undir torfinu var grjóthleðsla **[605]** sem veggurinn hefur verið hlaðinn ofan á. Undir veggnum og ruslalaginu var óhreyft rauðleitt malarlag **[606]**. Það sást sem ljós frávik viðnámsmælingum og virtist því vera eitthvað mannvirki. Athyglisvert er að mannvirkið liggur meðfram kirkjugarðsveggnum en á þeim stað er dæld sem kölluð er undirgangur og segir sagan að þar hafi verið göng úr skála. Í bók Böðvars Bjarnasonar um Hrafnseyri segir „Fyrir utan Péturshlutann er lögð nokkur í túnið . Nær hún frá bökkunum og upp undir útsuðurhornið á kirkjugarðinum. Áður náði hún uppundir bæjarhlaðið en þegar gamli kirkjugarðurinn sem var úr torfi , var feldur árið 1905, fyllti hann efri hluta lágirnar. Lægð þessi heitir Undirgangur. Sagt er að undir þessari lægð hafi fyrrum verið jarðgöng úr bænum og fram úr bökkunum. Ásgeir Jónsson, sem lengi bjó á Hrafnseyri á seinni hluta 19. aldar sagði, að þegar hann kom á Hrafnseyri á seinni hluta 19. aldar hafi undirgangsopið inn í bakkann verið 2-3 faðmar. En um síðustu aldamót var

ekki opið nema rúm alin. Glögglega sást þá fyrir steinhleðslu í opinu. Nú er það alveg sigið saman.”¹

Ekki verður fullyrt að svo stöddu að þetta sé umræddur undirgangur. En ljóst er að þarna er mannvirki sem byggt er úr torfi og ofan á það hefur safnast nokkuð þykk ruslalög sem virðast gömul. Mannvirkið er nokkuð dýpra en önnur sem fundist hafa rétt undir yfirborði á Hrafnseyri. Frekari rannsóknir eru nauðsynlegar til að komast að hlutverki og umfangi þessa mannvirkis

Hrafnseyri -2015 Túlkun niðurstaðna

Rannsóknin á Hrafnseyri fór fram á þremur stöðum. Fyrir árið 2015 lá fyrir að kanna svæði þar sem frávik höfðu komið fram við fjarkönnunarmælingar árið áður. Kanna átti rúst sem sýndi sterk merki um járn og talið var að gæti verið smiðja eða járnvinnslusvæði. Í ljós kom að þetta var gömul þró sem fyllt hafði verið að járnrusli fyrir um 50 árum. Þó ekki væri um fornleifar að ræða var ljóst að bæði viðnámsmælir og segulmælir greindu sterklega merki um járneið sem er jákvætt.


Skurður var gerður við norð-vestur horn gamla kirkjugarðsins (svæði G) þar sem frávik höfðu komið fram í mælingum og munnmæli og örnefni herma að undirgangur sá er getið er í Hrafnssögu sé.

Við rannsóknina 2015 kom í ljós að þarna er bygging enda komu fram tveir veggir í skurðinum. Athyglisvert er að þessi bygging er talsvert neðar en aðra minjar sem rannsakaðar hafa verið frá sama tíma. Frekari rannsóknir eru nauðsynlegar til að skoða hvernig bygging þetta er og þá hugsanlega hvort að um undirgöng er að ræða en miðað við það sem kom fram í skurðinum er það alls ekki ólíklegt. Undirgöng fundust í skálanum á Keldum í Rangárvallarsýslu² sem eru talin frá svipuðum tíma og göng þau sem greint er frá að synir Hrafn Sveinbjarnarsonar hafi flúið í gegnum. Athyglisvert er því að fá staðfestingu á eðli þessarar byggingar og hvort um sé að ræða göng þau sem getið er í Hrafn sögu Sveinbjarnarsonar. Rannsókn fór jafnframt fram á svæði sem nefnt var svæði H. Þar kom í ljós kolagröf sem var grafin upp og önnur kolagröf er við jarðar þess svæðis sem opnað var. Gjall sem fannst í kolagröfinni auk kolagrafarinnar sem fannst árið 2013 benda til þess að á landnámsöld hafi farið fram kolavinnsla og járngerð á Hrafnseyri rétt

eins og á Auðkúlu. Frávik sem könnuð voru 2015 og reyndust vera kolagrafirnar eru einnig á mun stærra svæði og því líklegt að fleiri kolagrafir séu í túninu á Hrafnseyri.

Rannsókn 2016

Sumarið 2015 var gerður könnunarskurður þar sem viðnámmælir og jarðsegulmælir höfðu greint frávik. Skurður var opnaður sem var 1 m á breidd og 3.5 m á lengd og var í austur vestur. Efsta lagið undir grassverði **[601]** var þunnt yfirborðslag, aðallega grasrætur. Þar fyrir neðan var lag sem innihélt mikið af kola og beinarusli **[602]** og yfir miðjum skurðinum var mikið af torflinsum í laginu. Þetta ruslslag er gamalt því ekki var neitt um gripi í því eins og finnst í yngri ruslalögum á svæðinu. Undir þessu lagi var annað lag **[603]** sem var líka ruslslag en var grófara og meira malarkenndara. Í þessu lagi var meira af óbrenndum beinum og var þetta lag áberandi í báðum endum skuðsins og var til hliðar við vegg sem kom í ljós í skurðinum. Veggurinn **[604]** var úr torfi og var fyrir miðjum skurði. Undir torfinu var grjóthleðsla **[605]** sem veggurinn hefur verið hlaðinn ofan á. Undir veggnum og ruslalaginu var óhreyft rauðleitt malarlag **[606]**.




Mynd 7. Afstöðumynd sem sýnir uppgriftarsvæði G og hvar könnunarholan var tekin. Skjáskot af kortasjá Minjastofnunar


Í bók Böðvars Bjarnasonar um Hrafnseyri segir „Fyrir utan Péturshlutann er lægð nokkur í túnið. Nær hún frá bökkunum og upp undir útsuðurhornið á kirkjugarðinum. Áður náði hún uppundir bæjarhlaðið en þegar gamli kirkjugarðurinn sem var úr torfi, var feldur árið 1905, fyllti hann efri hluta lágirnar. Lægð þessi heitir Undirgangur. Sagt er að undir þessari lægð hafi fyrrum verið jarðgöng úr bænum og fram úr bökkunum. Ásgeir Jónsson, sem lengi bjó á Hrafnseyri á seinni hluta 19. aldar sagði, að þegar hann kom á Hrafnseyri á seinni hluta 19. aldar hafi undirgangsopið inn í bakkann verið 2-3 faðmar. En um síðustu aldamót var ekki opið nema rúm alin. Glögglega sást þá fyrir steinhleðslu í opinu. Nú er það alveg sigið saman.”¹¹

¹¹ Böðvar Bjarnason 1961:16.



Ákveðið var að stækka svæðið þar í framhaldi af þessum könnunarskurði sem lýst er hérna að framan. Svæðið var 3.5 m á breidd og 5 m á lengd. Efst var þunnt yfirborðslag [601] aðallega grasrætur. Þar neðan var lag sem innihélt mikið af kolum og beinum [602]. Næst kom skurður eða Cut [607] sem var renna um 1 m á breidd sem var í beinu framhaldi frá niðurgreftinum sem kom í ljós sumarið áður og hélt áfram til suðurs. Þessi renna hafði verið fyllt af ruslalagi [603] í því lagi var mikið af brenndum og óbrenndum beinum auk nokkurra gripa einnig var töluvert að rauðleitum torfsneplum í laginu. Greinilegt er að þetta laga er dæmigert ruslag sem fellur til frá heimilishaldi. Vestan megin við rennuna var torfveggur [604] þessi veggur var mjög útflattur og var um tveir metrar á breidd og var ekki alstaðar séð fyrir endann á þykkt hans á svæðinu sem opnað var. Greinilegt er að torfveggurinn hefur orðið fyrir sléttun á síðari tímum sem skýrir breidd hans og hversu útflattur hann er. Hinum megin við skurðinn kom hinsvegar í ljós torfveggur [608] sem virðist ekki hafa verið sléttaður eins og hinn. Sá veggur var hlaðin úr streng og var um 70 cm hár. Það sem hafði mikil áhrif á þennan vegg og rannsóknina á honum var að hann var alveg við hliðina á kirkjugarðsveggnum og hafði kirkjugarðsveggurinn hrunið yfir þennan veg þ.e. mikið af grjóti úr kirkjugarðsveggnum lág ofaná hinum veggnum [608]. Þar sem kirkjugarðurinn er friðlýst fornleif var ekki hreift við grjótinu ofan á veggnum sem olli því að ekki var hægt að rannsaka hann til hlítar. Í raun má segja að fall kirkjugarðsveggjarins ofna á vegginn hafi forðað honum frá skemmdum og sléttum en munnmæli herma að kirkjan hafi verið tekin af og ný byggð við hlið hennar við stóru bólu í byrjun 15 aldar¹². Undir þykka rusluginu sem fyllt rennuna var náttúrulegt malarlag [606].



¹² Örnefnaskrá Hrafnseyri



Við rannsóknina sumarið 2016 kom í ljós að þessi renna er mögulega manngerð og beggja vegna hennar eru torfveggir. Til að ganga úr skugga um hvort að þessi renna héldi áfram fyrir sunnan við kirkjugarðinn eins og fjarkönnunarmyndir benda til var ákveðið að gera könnunarholur 3 m sunnan við suðurhlið kirkjugarðsins. Þetta var gert á næst síðasta degi uppgrafter. Opnaðar voru tvær könnunarholur sem voru 1x1 m á stærð og 1 m á milli þeirra. Þær könnunarholur leiddu í ljós sömu jarðlög og fundust höfðu ofar og sama niðurgröft. Þetta þýðir að skurðurinn/mannvirkið liggur meðfram öllum kirkjugarðsveggnum og fram lengra. Í annarri könnunarholunni kom í ljós torf beggja megin við niðurgröft og grjóthleðslu og var niðurgröfturinn fullur af sama ruslalagi [602].





Mynd 8. Niðurgröfturinn eða rennan sem liggur meðfram kirkjugarðsveggnum

Hrafnseyri - Túlkun niðurstaðna

Við rannsóknina kom í ljós óskemmdur veggur [608] sem liggur undir hruni frá kirkjugarðsveggnum. Hugsanlega gæti þetta verið eldri kirkjugarðsveggur þó er það nokkuð ólíklegt þar sem veggurinn er svo mikið lægri en yngri veggurinn og mun lægri en gólfíð í krækjurústinni, en verður ekki útilokað. Það er ljóst er eftir rannsóknir síðustu tveggja sumra er að í túninu á svæði vestan við kirkjugarðsvegginn þar sem kallað er *Undirgangur* er að finna niðurgröft eða rennu. Þessi niðurgröftur hefur verið fylltur af ruslalagi frá heimilishaldi og blandað við það lag eru torflinsur. Á einhverju tímapunkti hefur verið skurður eða renna meðfram vestari hlið kirkjugarðsins sem hefur þurft að fylla og var það gert með rusli. Þessi niðurgröftur er um 1 m á breidd. Öðru megin við hann er torfveggur [608] undir hruni frá kirkjugarðsvegg. Þessi torfveggur er 70 cm á hæð. Hinumegin við niðurgröftinn er torf [604] en það lag er mikið lægra og útfattara og hefur greinilega verið orðið fyrir sléttun.

Ekki verður að svo stöddu hægt að fullyrða að þessi niðurgrafna renna sé manngerð og séu umrædd *Undirgöng*. Þetta gæti mögulega verið einhverskonar vatnsrás sem hefur legið við hlið eldri kirkjugarðsveggs en þá er erfitt að finna skýringu á hinum útflatta torfvegg sem er hinum megin við.

Um er að ræða niðurgrafna rennu með tveimur torfveggjum öðrum heilum og hinum röskuðum. Svo virðist sem vestari veggurinn hafi verið hlaðin úr torfi og grjóti en sá austari að mestu verið úr torfi. Niðurgröfturinn viðist liggja eins og sést á fjarkönnunarmyndum



Mynd 9. Túnakort frá 1913 þar sem Undirgangur er teiknaður inn

Ljóst er að svæðið vestanmegin við kirkjugarðsvegginn er töluvert lægra í dag en það hefur verið áður og er túnasléttun og plæging líklega orsakavaldurinn. Þetta sést best á því að gólfíð í kirkjutóftinni kirkjugarðurinn allur eru mun hærra en umhverfið í kring.

Rannsókn 2019

Hrafnseyri.

Árin 2011-2016 voru gerðar rannsóknir í túninu á Hrafnseyri. Þar kom í ljós að járn og kolavinnsla hefur farið fram á Hrafnseyri allt frá 9. öld og þar var grafið upp jarðhýsi frá 10. öld sem og yngri miðaldaminjar eins og flóttagöng og mögulegur virkisveggur frá Sturlungaöld. Þar sem jarðhýsið og járnvinnslan benda til þess að búið hafi verið frá landnámsöld á Hrafnseyri hefur það alltaf verið áhugavert að finna hvar fyrsta byggð hefur verið. Telja má líklegt að miðaldaskáli hafi staðið þar sem núverandi kirkjugarður er.

Það var svo árið 2018 að sr. Geir Waage kom að máli við stjórnanda rannsóknarinnar á Hrafnseyri en Sr. Geir dvaldi mikið á Hrafnseyri í æsku og veit mikið um staðinn. Benti hann stjórnanda rannsóknarinnar á að þar sem áður var heimreið að bænum við enda svokallaðrar Bælisbrekku hafi hann, sem barn grafið í öskuhaug og fundið gripi sem virtust mjög fornir. Á sama tíma sumarið 2018 var Dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hjá rannsóknasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum að gera fornleifarannsókn á öskuhaugum á Vestfjörðum. Það varð úr að hann gróf könnunarskurð í tengslum við sína rannsókn á þann stað sem Sr. Geir hafði bent á.

Dr. Ragnar staðfesti með könnunarskurði að þarna var öskuhaugur sem hann taldi líklegt að væri mjög gamall. Vitað er að öskuhaugar voru sjaldnast lengra frá skálum en sem nemur um 20. m. Þessi staðsetning sem og staðsetning jarðhýsisins voru því ágæt viðmið til að kanna að nýju mögulegt bæjarstæði frá landnámsöld. Því var ákveðið að gera borkjarnarannsókn í túninu á þeim stað sem var á milli öskuhaugs og jarðhýsis framan við Bælisbrekku á milli jarðhýsis og öskuhaugs. Miklir þurrkar sumarsins gerður



Flögg merkja hvar gólflög fundust.

rannsakendum lífið leitt því jarðvegur var alveg þurr og erfitt að koma bor niður og ná heilum kjörnum upp. Það tókst þó eftir einn rigningadag sem hafði aðeins bleytt í efstu sentímetrunum. Á svæði í horni túnsins við enda Bælisbrekku kom í ljós svart feitt lag með mjög miklu af beinaleifum.

Telja má sterkar líkur á að þessi lög sem komu upp með borkjörnunum séu úr gólfi því beinaleifarnar voru miklar og stórar og líklegt er að einn kjarninn hafi lent mjög nærri eða í eldstæði.

Niðurstöður urðu því þær að sterkar líkur eru á því að búið sé að staðsetja fyrsta, eða með fyrstu stöðum byggðar á Hrafnseyri sem eru ekki á sama stað og byggð á 13. öld. Er staðsetning öskuhaugsins því mjög rökrétt miðað við hvar elsta byggð hefur verið. Nú þarf hins vegar að staðfesta hvort um sé að ræða skála og aldursgreina hann.



Gólfög með beinum en taka verður fram að kjarnarnir voru mjög þurrir.

Rannsókn 2020

Sumarið 2020 var svo afráðið að taka þrjá skurði þar sem kjarnar höfði sýnt gólflog. Skurðirnir fengu bókstafina A, B og C. Skurður A var staðsettur nærri öskuhaugi og þar sem gamla heimreiðin kom inn á túnið. Skurður B var staðsettur 20 m norðvestur af Skurði A og Skurður C var um 2 m suðvestan við Skurð B.



Mynd 10. Staðsetning borkjarna frá árinu 2019 og prufuskurðir frá árinu 2020.

Skurður A var 2 m á breidd og 5 m á lengd. Efst var grasrót [701] um 20 cm á þykkt. Undir henni var yfirborðslag [702] sem var brúnt moldarlag um 10 cm á þykkt. Þar undir kom svo í ljós gólflagið [703] sama og ([705]) það var kolsvart og feitt með brenndum og óbrenndum beinum í. Þegar gólflagið kom í ljós svo skýrt var ákveðið að grafa það ekki frekar, aðeins hreinsað ofan af um 50x50 m reit og yfirborðslag [702] látið vernda restina af gólfinu þar sem tilgangi skuðsins var náð að staðfesta gólflag.



Mynd 11. Hér sést múrskaiðin benda á svart gólflag [703] í Skurði A.


Skurður B (2 x 7 m) var 20 m norðvestur við Skurði A og aðeins hærra. Það var gert til þess að tilfinning rannsakenda var að skálinn væri langsum undir Bælisbrekkunni. Með því ætti veggur byggingarinnar að koma fram í skurðinum. Efsta lagið var grasrót [801] og mjög ormétin mold. Þétt torfkennt yfirborðslag með appelsínugulum skellum þetta lag er að finna í öllu túninu á Hrafnseyri [802] undir því frá norðurbrún skurðar að torfvegg er svipað lag sem er áþekkt hinu en með mikið að grófu grjóti [803] sem liggur alveg að torfvegg [804]. Ofan á torfveggnum sem kom fram í skurðinum er móöskulag [805] er það skær appelsínugult með kolum í. Suður af torfvegg er lag [806] sem er mjög laust í sér og ormétið. Undir því er lag [807] sem virðist vera yfirborð, mjög þétt, mikið af kolum sem smitast hafa í lagið og litað það, þó ekki gólf. Þetta lag minnir á tröðkuð lög í bekkjum.



Mynd 12. Torfveggur [804] í skurði B á Hrafnseyri.


Lag **[808]** er einhverskonar hleðsla úr grjóti sem er við hlið bekkjarins en þó ekki alveg samsíða. Stór steinn er í skurðinum sem ekki virðist tengjast neinu og er ofan á mannvistarlögunum.

Skurður B



Mynd 13. Teikning af Skurði B í túninu á Hrafnseyri.

Tilraunahola (Skurður C) var gerð 2 m til suðurs frá skurðinum sem var 1 x 0,50 m og eins og við var að búast var gólflag þar og steinn sem virðist mögulega hurðasteinn því hann hefur hringlaga holu sem ekki virðist náttúruleg. Brýni úr innfluttum steini fannst suður af torfvegg, þar í lagi [807].



Mynd 14. Könnunarskurður C þar sem gólflag var sjáanlegt.

Rannsókn 2024

Fornleifarannsóknin á Hrafnseyri

Stjórnsýsla og fjármögnun

Rannsóknin var gerð með styrk frá prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri en Fornleifasjóður veitti ekki styrk til rannsóknarinnar.

Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2024

Við rannsóknina sumarið 2024 störfuðu fjórir fornleifafræðingar frá Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og uppgrftarstjóri var Kate Fitzpatrik. Fyrst stóð rannsóknin yfir í tæplega þrjár vikur en hún hófst 14 ágúst og lauk þann 30 ágúst. Veður var blautt en þó voru nokkrir þurrir dagar inn á milli. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Atli Rúnarsson sáu um skýrslugerð og tölvuteikningar.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina sumarið 2024:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi. Náttúrustofa Vestfjarða.

Atli Rúnarsson Fornleifafræðingur. Náttúrustofa Vestfjarða.

Kate Fitzpatrik Fornleifafræðingur. Náttúrustofa Vestfjarða.

Jonathan Buttery Fornleifafræðingur. Náttúrustofa Vestfjarða.

Auk þriggja nema í fornleifafræði frá Bradford Háskóla

Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina er notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafinn upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem fornleifafræðingar sem unnu við rannsóknina kunna og því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Gripir verða skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir og öll bein voru varðveitt. Notast var við DJI Air 2 S dróna í upphafi og lok hvers dags ef veður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/10 fyrir sniðteikningar og 1/20 fyrir flatarteikningar. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS M50 mark 2 og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma.

Stærð og umfang uppgrafter

Opnað var 10x 10 m svæði þar sem svart lag með beinum hafði fundist árið 2020. Valið stóð á milli tveggja svæða sem árið 2020 sýndu svart lífrænt lag með beinaleifum og var ákveðið að opna það sem var sunnar á túninu.

Efst var yfirborðslag **[701]** sem var aðallega rætur grassins sem var ofan á. Það sem var stungið upp voru um 30 cm torfur og þetta lag var restin af því, um 5-7 cm af rótarlagi. 5 gripir fundust í þessu yfirborðslagi Númer # 1-7-19-20-28.

Undir **[701]** var lag **[702]** en það var brúnt lag blandað torfi mögulega gamalt yfirborð en í þessu lagi fannst mikið af gripum, Járngripir, tinnusteinar naglar o.s.f Númer gripa í þessu lagi voru # 2-3-4-6-9-10-11-12-13-14-16-17-18-21-22-24-25-26-27.

Í NV horni uppgraftersvæðis kom í ljós veggur út torfi **[703]** og er hann örlítið bogadregin úr þéttru rauðleitu torfi. Hann er skorinn af dyraopi **[714]** flatur steinn liggur í dyraopinu og framan við hann er steinn sem er ílangur og nokkuð brotin og lítur út fyrir að hafa verið einskonar þröskuldur. Framan við hann var lag **[705]** ([703] 2020)

Það var svart og í því voru kol og brennd bein og virtist vera gólflegt en það er afmakað að L laga steinhleðslu sem viðist vera undirstöður af vegg **[716]**. Suður af honum komu svo í ljós margir flatir steinar **[715]** sem mynduðu stétt en ofan á henni var lag **[705]** sem var svart kolalag með brenndum beinum sem lá ofan á og á milli þessara flötu steina. Framan við vegginn til hliðar við inngang voru líka sérkennilegir flatir steinar **[717]**. Svæðið var skorið úr SA til SSV af rennu sem var grafin niður í yfirborðið og virðist hafa verið einhverskonar renna til þess að veita vatni frá. Þegar svæðinu hafði verið lokað var




Mynd 15. Yfirlitsmynd í lok rannsóknar, Svæðið neðst er ógrafið yfirborðslag og lítill ílangur könnunarskurður.

hallinn á því og vatnið ofan á plastinu allt á þeim stað sem rennan er, sem styður þá tilgátu að um sé að ræða vatnsrás til að veita vatni frá.

Túlkun

Lengi vafðist fyrir rannsakendum hvort svæðið sem þeir voru að rannsaka væri innan eða fyrir utan byggingu. Á síðustu vikunni var hinsvegar ljóst að svæðið var utan við byggingu. Töluvert mikið var af svörtu lagi framan við húsið [705] og bendir það sterklega til þess að húsið sé mannabústaður og líklega skáli. Svona lög finnast oft fyrir utan hús þar sem útmokstur úr eldstæðum er út borinn. Sléttir steinar utan við húsið og renna til að veita burt vatni benda til þess að svæðið hafi verið blautt sem hefur kallað á þessar lausnir. Greinilegur inngangur er í bygginguna og virðist hafa verið lítill bygging framan við einskonar inngangur. Gripir sem fundust, þar á meðal glerperla, benda til þess

að byggingin sé frá landnáms/miðöldum. Mjög mikilvægt er að stækka svæðið til Norðurs svo hægt sé að rannsaka bygginguna nánar



Teikning 1. Teikning af svæðinu.

Lokaorð

Rannsóknir á Hrafnseyri undanfarin ár hafa leitt í ljós að þar eru minjar allt frá því á 9. öld. Sumarið 2024 þurfti að taka ákvörðum um hvort opnað yrði svæði yfir könnunarskurði A eða B frá 2020 sem báðir höfðu sýnt lög sem túlkuð voru sem góflög. Ákveðið var að opna yfir og útfrá skurði A. Við rannsóknina 2024 var opnað svæði sem er að öllum líkindum fyrir utan skála. Gólfíð og veggurinn í skurði B eru líklega frá sömu byggingu. Því er mikilvægt að tengja þau svæði saman og halda áfram rannsóknum á byggingunni sem allt bendir til að sé skáli. Rannsóknum verður haldið áfram ef fjármögnun er tryggð sumarið 2025.

Skrár

Contextar

Context	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
701	Yfirborðslag	9.8.2024	MHH	Yfirborðslag sem lá efst yfir öllu uppgriftarsvæðinu. Yfirborðið var siltað búið og jarðvegur sem hafði mikið af rótum. Lagið var 10m að lengd, 10m að breidd og x þykkt.
702	Blandað jarðlag	9.8.2024	MHH	Torfblandað jarðlag undir yfirborðslagi [701]. Annaðhvort undirlag af yfirborði eða efsti hluti af torfhruni. Lagið var 10m að lengd, 10m að breidd og x þykkt.
703	Torfveggur	12.8.2024	KF	Torfveggur í NA horni uppgriftarsvæðis, tengist líklega vegg [707], heldur áfram út fyrir uppgriftarsvæðið. Torfið er mjög þétt, miðlungs brúnt á litinn með appelsínugulum skellum.
704	VOID	VOID	VOID	VOID
705	Kolaríkt lag	12.8.2024	KF	Svart kolaríkt lag sem var frekar mjúkt og auðmulið. Töluvert af kolum og brenndum beinum. Stærðin er óviss þar sem ekki er búið að grafa allt lagið. Í fyrstu var talið að um gólfslag væri að ræða, áður en það kom í ljós að grafið var utan við byggingu.
706	Torfhrun	21.8.2024	KF	Torfhrun í NA horni uppgriftarsvæðis. Lagið var þétt sendið torf, gult á litinn með fjóluþláuðum blæ og með "gíraffa" mynstri. Stöku kolaþlyksur og steinar. Stærð lagsins var 2m x 4m.
707	Torfveggur	22.8.2024	KF	Torfveggur í NV horni uppgriftarsvæðis, tengist líklega vegg [703], heldur áfram út fyrir uppgriftarsvæðið. Torfið er mjög þétt, fjóluþláuð með gulum og rauðum skellum.
708	Náttúrulegt	22.8.2024	JB	Náttúruleg mól sem liggur að öllum líkindum undir öllu uppgriftarsvæðinu. Mjög þétt mól með miðlungsstórum og litlum steinum.
709	Torfhrun	27.8.2024	AR	Torfhrun í inngangi. Lagið var frekar þétt í sér með stöku steinum og kolaþlyksum. Liturinn á torfinu var gulleitur brúnn með fjóluþláuðum skellum. Stærðin var >5m x 2.4m

710	Skurður fyrir rennu	27.8.2024	ES	Skurður fyrir rennu, líklega dren. Skurðurinn er grunnur og óreglulegur. Kolalag [705] virðist hafa fyllt skurðinn að hluta og ofan á því liggur fylling [711]. Breidd rennunar er um 0.6m, dýptin um 0.16m og breiddin er >6m. Rennan heldur áfram út fyrir mörk uppgriftarsvæðisins í suður og norðvestur.
711	Fylling í rennu	27.8.2024	ES	Fylling í skurð fyrir rennu [710]. Mjög þéttur, brúnn jarðvegur með appelsínugulum blæ. Mögulega það sama og [702]. Breidd 0.46m og dýpt 0.16m.
712	Náttúrulegt	28.8.2024	AR	Sendið lag sem er gulleit og brúnt á litinn. Mögulega náttúrulegur sandur sem liggur ofan á náttúrlegri mól [708]. Lengd og breidd er óþekkt en lagið er 0.08m þykkt.
713	Torf	30.8.2024	KF/JB/AR	Rauðleitt torf með gulbrúnum blettum í NA horni, liggur upp að torfvegg [703]. Torfið var mjög þétt í sér. Mögulega veggur, ekki víst hvort um garðlag sé að ræða eða hvort það er hluti af byggingunni. Einungis lítill hluti torfsins kom fram innan uppgriftarsvæðisins, 0.9m x 0.6m.
714	Steinar	30.8.2024	KF	Flatir steinar í inngangi. Á milli veggja [703] og [707].
715	Steinar	30.8.2024	KF	Þríhyrningslaga stétt framan við húsið á NV hluta uppgriftarsvæðis. Virðist vera íhvolft og liggur að rennu [710].
716	Steinar	30.8.2024	KF	Mögulegur grunnur af vegg sem liggur í suður frá inngangi, frá vestur enda veggs [703].
717	Steinar	30.8.2024	KF	Flatir steinar sem liggja meðfram vegg [703] í austur frá inngangi. Mögulega stétt sem virðist liggja meðfram veggnum. Heldur áfram út fyrir mörk uppgriftarsvæðisins.

Gripir

Gripanúmer	Context	Efni	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
						Fínt glerbrot, virðist handblásið
1	701	Gler	Óþekkt	9.8.2024	Jl	
2	702	Járn	Nagli	9.8.2024	Jl	Járn nagli
3	702	Steinn	Jaspis	9.8.2024	Jl	Rauður jaspis biti
4	702	Járn	Nagli	12.8.2024	ES	Lítill járn nagli
5	705	Járn	Nagli	12.8.2024	KF	Haus af járn nagla
						Mögulegt járn, þrjú bogin brot. Bregst ekki við segli
6	702	Málmur?	Óþekkt	13.8.2024	Jl	
7	701	Járn	Nagli	14.8.2024	Jl	Nagli, fannst í yfirborðslagi
8	705	Steinn	Vikur	14.8.2024	Jl	Vikur moli, fannst í lagi [705]
						Mögulegur kopar hnappur, fannst í torflagi [702]
9	702	Kopar	Hnappur?	15.8.2024	Jl	
10	702	Járn	Nagli	15.8.2024	Jl	Járn nagli
						Mögulegur nagli, fannst í lagi [702]
11	702	Járn	Nagli	15.8.2024	Jl	
12	702	Járn	Nagli	19.8.2024	AP	Járn nagli
13	702	Járn	Nagli	19.8.2024	Jl	Járn nagli
14	702	Járn	Nagli	19.8.2024	Jl	Járn nagli
15	701	Blý	Óþekkt	19.8.2024	ES	Órætt blý brot
						Lítið príhyrningslaga brot, mögulega kvarts eða gler
16	702	Steinn	Kvarts	19.8.2024	AP	
17	702	Gler		19.8.2024	AP	Volcano glass
18	702	Blý	Óþekkt	19.8.2024	Jl	Mögulegt blý, kúlulaga
						Lítið flintubrot, mögulega unnið
19	701	Steinn	Flinta	20.8.2024	KF	
20	701	Járn	Nagli	20.8.2024	Jl	Mögulegur járn nagli
21	702	Leður	Óþekkt	20.8.2024	Jl	Mögulegt leður brot
						Þrjú járn brot, mögulega nagli
22	702	Járn	Nagli	21.8.2024	AP	
						Langt brýni með förum eftir vinnslu
23	706	Steinn	Brýni	21.8.2024	KF	
24	702	Járn	Óþekkt	21.8.2024	KF	Lítið órætt járn brot
25	702	Járn	Nagli	21.8.2024	AP	Mögulegur járn nagli, langt
						Kvarts brot, mögulega unnið. Fannst í SV hluta [702]
26	702	Steinn	Kvarts	22.8.2024	AR	
27	702	Steinn	Óþekkt	22.8.2024	JB	Hvítur steinn
28	701	Járn	Skeifa	22.8.2024	KF	Skeifa úr yfirborðslagi [701]
29	702	Steinar	Óþekkt	22.8.2024	AP	Slípaðir steinar
30	702	Gler	Perla	25.8.2024	AP	Blá perla, alveg heil
31	702	Steinn	Brýni	25.8.2024	Jl	Lítið brýnisbrot
32	702	Járn	Nagli	25.8.2024	JB	Haus af járn nagla
33	705	Steinn	Flinta	25.8.2024	AP	Flinta með hvíttri línu
34	705	Járn	Nagli	25.8.2024	Jl	Mögulegur nagli

35	702	Steinn	Brýni	25.8.2024	Jl	Miðlungsstórt brýni
36	702	Steinn	Kvarts	25.8.2024	Jl	Vantar lýsingu
						Steinn sem er möguleg tafla. Búið að slípa botninn og virðis hafa verið unnin efst.
37	709	Steinn	Tafla	27.8.2024	AR	Stendur alveg flatur
38	709	Steinn	Brýni	27.8.2024	AR	Lítið brýnisbrot
						Stór jaspis steinn, mögulega kjarni
39	705	Steinn	Jaspis	27.8.2024	KF	Hringlótt appelsínugult
40	705	Steinn	Kvarts	27.8.2024	AP	kvarts
41	705	Steinn	Kvarts	27.8.2024	AR	Lítið kvarts brot
						Járn stykki, mögulega lykill.
42	706	Járn	Lykill	27.8.2024	KF	Tvö brotin svæði á botni
						Mjög sléttur steinn, eitthvað hefur verið slípað eða
43	706	Steinn	Óþekkt	27.8.2024	KF	nuddað með honum
44	705	Járn	Nagli	28.8.2024	AR	Mögulegur nagli

Ljósmyndaskrá

Númer	Átt	Nafn	Dagsetning	Lýsing
5372	NA	KF	12.8.2024	Hola í stein, mögulegur dyrasteinn
5373	NA	KF	12.8.2024	Hola í stein, mögulegur dyrasteinn
5374	NA	KF	12.2.2024	Hola í stein, mögulegur dyrasteinn
5375	S	JB	12.8.2024	Pre-ex yfirlit af uppgraftarsvæði
5376	NV	JB	12.8.2024	Pre-ex yfirlit af uppgraftarsvæði
5377	NA	JB	12.8.2024	Pre-ex yfirlit af uppgraftarsvæði
5378	SA	JB	12.2.2024	Pre-ex yfirlit af uppgraftarsvæði
5379	A	JB	12.8.2024	Mynstur í torfhruni [702]
5380	A	JB	12.8.2024	Mynstur í torfhruni [702]
5381	V	JB	12.8.2024	Mynstur í torfhruni [702]
				Torf [703] í NA horni
5382	NA	KF	12.2.2024	uppgraftarsvæðis
				Torf [703] í NA horni
5383	NV	KF	12.8.2024	uppgraftarsvæðis
				Torf [703] í NA horni
5384	NV	KF	12.8.2024	uppgraftarsvæðis
				Mid-ex myndir af uppgraftarsvæði,
5385	NA	KF	12.8.2024	sýnir lag [702]

5386	N	KF	12.2.2024	Mid-ex myndir af uppgraftarsvæði, sýnir lag [702]
5387	V	KF	12.8.2024	Mid-ex myndir af uppgraftarsvæði, sýnir lag [702]
5388	S	KF	12.8.2024	Mid-ex myndir af uppgraftarsvæði, sýnir lag [702]
5389	SA	KF	12.8.2024	Vinnumynd
5390	NA	ES	12.2.2024	Hringlaga hola í austur hluta uppgraftarsvæðis
5391	NA	ES	12.8.2024	Hringlaga hola í austur hluta uppgraftarsvæðis
5392	NA	ES	12.8.2024	Hringlaga hola í austur hluta uppgraftarsvæðis
5393	NA	ES	12.8.2024	Hringlaga hola í austur hluta uppgraftarsvæðis
5394	A	ES	12.2.2024	Staðsetning hringlaga holu
5395	A	ES	12.8.2024	Staðsetning hringlaga holu
5396	SA	ES	12.8.2024	Staðsetning hringlaga holu
5397	SA	ES	12.8.2024	Staðsetning hringlaga holu
5398	VOID	VOID	VOID	VOID
5399	VOID	VOID	VOID	VOID
5400	VOID	VOID	VOID	VOID
5401	SA	JB	12.8.2024	Ferhyrnd hola í SV hluta uppgraftarsvæðis
5402	S	AP	12.8.2024	Ferhyrnd hola í SV hluta uppgraftarsvæðis, staðsetning
5403	S	JI	12.8.2024	Lag [704]
5404	S	JI	12.8.2024	Lag [704]
5405	VOID	VOID	VOID	VOID
5406	SA	JI	12.8.2024	Lag [704]
5407	SV	JI	12.8.2024	Lag [704]
5408	SV	JI	12.8.2024	Lag [704]
5409	SA	JI	12.8.2024	Lag [704]
5410	S	JI	12.8.2024	Lag [704]
5411	N	ES	13.8.2024	Mid-ex myndir eftir að lag [702] var fjarlægð
5412	V	ES	13.8.2024	Mid-ex myndir eftir að lag [702] var fjarlægð
5413	NV	ES	13.8.2024	Mid-ex myndir eftir að lag [702] var fjarlægð
5414	V	ES	13.8.2024	Mid-ex myndir eftir að lag [702] var fjarlægð

5415	SV	ES	13.8.2024	Mid-ex myndir eftir að lag [702] var fjarlægt
5416	NV	ES	13.8.2024	Mid-ex myndir eftir að lag [702] var fjarlægt
5417	NV	KF	13.8.2024	Nærmynd af gulu torfi
5418	NV	KF	13.8.2024	Gult torf
5419	SA	KF	13.8.2024	Vinnumynd af nemendum
5420	SA	KF	13.8.2024	Vinnumynd af nemendum
5421	SA	KF	13.8.2024	Vinnumynd af nemendum
5422	S	KF	13.8.2024	Torflag
5423	NA	KF	13.8.2024	Torflag
5424	A	KF	13.8.2024	Torflag
5425	SA	KF	15.8.2024	Yfirlitsmynd eftir að lag [702] var fjarlægt
5426	SA	KF	15.8.2024	Yfirlitsmynd eftir að lag [702] var fjarlægt
5427	NA	KF	15.8.2024	Yfirlitsmynd eftir að lag [702] var fjarlægt
5428	NA	KF	15.8.2024	Yfirlitsmynd eftir að lag [702] var fjarlægt
5429	N	KF	15.8.2024	Yfirlitsmynd eftir að lag [702] var fjarlægt
5430	SV	KF	15.8.2024	Yfirlitsmynd eftir að lag [702] var fjarlægt
5431	VOID	VOID	VOID	VOID
5432	SA	JB	15.8.2024	Vinnumynd
5433	V	JB	15.8.2024	Vinnumynd
5434	SB	JB	15.8.2024	Vinnumynd, lag [701] fjarlægt niður á [702]. Búið að stækka uppgraftarsvæði
5435	SA	JB	15.8.2024	Vinnumynd, lag [701] fjarlægt niður á [702]
5436	NA	JB	15.8.2024	Vinnumynd, lag [701] fjarlægt niður á [702]
5437	NV	JB	15.8.2024	Vinnumynd, lag [701] fjarlægt niður á [702]
5438	SV	JB	21.8.2024	Vinnumynd. Verið að fjarlægja lag [702]
5439	SA	JI	21.8.2024	Vinnumynd. Verið að fjarlægja lag [702]
5440	N	JI	21.8.2024	Vinnumynd

5441	N	Jl	21.8.2024	Vinnumynd
5442	N	Jl	21.8.2024	Verið að fjarlægja lag [702]
5443	SA	JB	27.8.2024	Veggur [707] í NV hluta
5444	S	JB	27.8.2024	Veggur [707] í NV hluta
5445	SA	JB	27.8.2024	Veggur [707] í NV hluta
5446	SA	ES	27.8.2024	Renna [710]
5447	SA	ES	27.8.2024	Renna [710]
5448	SA	ES	27.8.2024	Renna [710]
5449	SA	ES	27.8.2024	Renna [710]
5450	V	ES	27.8.2024	Renna [710]
5451	SA	ES	27.8.2024	Staðsetning rennu [710]
5452	A	AR	28.8.2024	Vestur snið af könnunarskurði í gegnum lag [705]
5453	A	AR	28.8.2024	Vestur snið af könnunarskurði í gegnum lag [705]
5454	V	AR	28.8.2024	Austur snið af könnunarskurði [705]
5455	N	AR	28.8.2024	Suður snið af könnunarskurði í gegnum lag [705]
5456	S	AR	28.8.2024	Norður snið af könnunarskurði í gegnum lag [705]
5457	NA	AR	28.8.2024	Staðsetning könnunarskurðar í gegnum lag [705]
5458	SA	ES	28.8.2024	Renna [710]
5459	SA	ES	28.8.2024	Renna [710]
5460	SA	ES	28.8.2024	Renna [710]
5461	V	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5462	V	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5463	V	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5464	S	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5465	S	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5466	A	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5467	NA	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5468	NA	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5469	N	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5470	N	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5471	NA	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5472	SV	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5473	NV	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5474	S	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5475	NA	KF	28.8.2024	Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði
5476	SV	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu

5477	SV	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu
5478	NA	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu
5479	NA	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu
5480	SV	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu
5481	SV	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu
5482	NA	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu
5483	NV	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu
5484	SA	JB	28.8.2024	Könnunarskurður við Auðkúlu

Sýnaskrá

Sýnanúmer	Context	Svæði	Nafn	Gerð	Dagseting	Lýsing
1	705	KF	Dýrabein	Dýrabein	12.8.2024	Dýrabein úr lagi [705]
2	702	ES	Dýrabein	Dýrabein	13.8.2024	Dýrabein úr lagi [702]
3	702	AR	Skel	Skel	21.8.2024	Hismi af skel úr lagi [702]
4	702	JB	Dýrabein	Dýrabein	22.8.2024	Dýrabein úr lagi [702]
5	702	JI	Fræ	Fræ	22.8.2024	Fræ? Úr lagi [702]
6	702	AP	Dýrabein	Dýrabein	25.8.2024	Dýrabein úr lagi [702]
7	702	JI	Dýrabein	Dýrabein	25.8.2024	Dýrabein úr lagi [702]
8	702	SB	Dýrabein	Dýrabein	25.8.2024	Dýrabein úr lagi [702]
9	705	AP	Dýrabein	Dýrabein	25.8.2024	Dýrabein úr lagi [705]

10	705	JB	Kol	25.8.2024	Kol úr lagi [705] - 1 poki
11	705	Jl	Dýrabein	25.8.2024	Dýrabein úr lagi [705]
12	702	JB	Kol	27.8.2024	Kol úr lagi [702] - 1 poki
13	705	Jl	Dýrabein	27.8.2024	Dýrabein úr lagi [705]
14	705	AR	Skel	27.8.2027	Hismi af skel úr lagi [705]
15	705	MHH	Dýrabein	27.8.2024	Tönn - hestur eða kú
16	705	MHH	Jarðvegssýni	28.8.2024	Sýni úr svörtu lagi á milli flötu steina vestan megin

Teikningar

